

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	4.	Tilkynningar	
2014/EES/7/01		Tilkynning um útbod Sogn- og Firðafylkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70	1
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/7/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7036 – Aller Media/Bonnier Tidskrifter/Egmont Holding/Mediafy)	2
2014/EES/7/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7124 – CPPIB/Intu/Parque Principado) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2014/EES/7/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7144 – Apollo/Fondo de Garantía de Depósitos de Entidades de Crédito/Synergy) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2014/EES/7/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7168 – Lukoil/ISAB/ISAB Energy/ISAB Energy Services) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2014/EES/7/06		Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug felldar niður	6
2014/EES/7/07		Auglýst eftir tillögum – EACEA/05/14 – Áætlunin Erasmus+ – Samstarf við borgaraleg samtök	6



# EFTA-STOFNANIR

## TILKYNNINGAR

2014/EES/7/01

Tilkynning um útbod Sogn- og Firðafylkis samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70:

1. **Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:**

Sogn og Fjordane fylkeskommune  
Samferdsleavdelinga/Innkjøpstenesta  
Siri R. Heggenes  
Fylkeshuset, Askedalen 2  
NO-6863 Leikanger  
Norge

2. **Fyrirhugaður háttur við úthlutun:**

Samningskaup

3. **Þjónusta og svið sem úthlutunin getur tekið til:**

Sogn- og Firðafylki mun í nóvember 2014 tilkynna um útbod vegna farþegaflutninga með strætisvögnum í sveitarfélögunum Gloppen, Jølster, Førde, Naustdal, Flora, Bremanger, Gaular, Fjaler, Askvoll, Hyllestad, Solund, Gulen, Høyanger og Balestrand.

Athugið: Áhugaðilum og þeim sem vilja fá nánari upplýsingar er bent á eftirfarandi vefsetur Doffin.

[http://www.doffin.no//Search/Search\\_Switch.aspx?ID=310062](http://www.doffin.no//Search/Search_Switch.aspx?ID=310062).

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/7/02

**(mál COMP/M.7036 – Aller Media/Bonnier Tidskrifter/Egmont Holding/Mediafy)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. janúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Aller Media AB („Aller Media“), sem tilheyrir dönsku Aller-samsteypunni, sænska fyrirtækið Bonnier Tidskrifter Aktiefölg („Bonnier“), sem tilheyrir sænsku Bonnier-samsteypunni, og sænska fyrirtækið Egmont Holding AB („Egmont“), sem tilheyrir dönsku Egmont-samsteypunni, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Mediafy AB („Mediafy“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Aller Media: tímaritaútgáfa, einkum vikurit í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi
  - Egmont: útgáfa viku- og mánaðarrita í Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð
  - Bonnier: útgáfa og dreifing tímarita, m.a. viku- og mánaðarrita, svo og sérhæfðra tímarita í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Hollandi og Belgíu
  - Mediafy: markaðssetning og dreifing á netinu á áskriftum að tímaritum í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 1. febrúar 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7036 – Aller Media/Bonnier Tidskrifter/Egmont Holding/Mediafy, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.7124 – CPPIB/Intu/Parque Principado)**

2014/EES/7/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. janúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Canada Pension Plan Investment Board („CPPIB“) og breska fyrirtækið Intu Properties Plc („Intu“) öðlast með verðbréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í lúxemborgska fyrirtækinu Parque Principado S.a.r.l. („Parque Principado“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CPPIB: fyrirtækið hefur umsýslu með fjárfestingum og fjárfestir fé Canada Pension Plan í skráðum félögum, óskráðum félögum, fasteignum, grunnvirkjum og verðbréfum með fastri ávöxtun
  - Intu: fasteignafjárfestingasjóður sem leggur einkum áherslu á eignarhald í verslanamiðstöðvum, umsýslu með þeim og þróun, í Bretlandi
  - Parque Principado: eigandi Parque Principado verslanamiðstöðvarinnar í Oviedo á Spáni og einnig annarrar fasteignar, Eroski-einingarinnar, í Parque Principado
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 35, 6. febrúar 2014). Þær má senda með símbrefti (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7124 – CPPIB/Intu/Parque Principado, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/7/04****(mál COMP/M.7144 – Apollo/Fondo de Garantía de Depósitos de Entidades de Crédito/Synergy)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. janúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hlutdeildarfélög bandaríska fyrirtækisins Apollo Management L.P. („Apollo“) og spænska fyrirtækið Fondo de Garantía de Depósitos de Entidades de Crédito (FGD) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Synergy Industry and Technology, S.A. („Synergy“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Apollo: umsýsla með fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í félögum í margvíslegum atvinnugreinum um heim allan. Apollo hefur m.a. fjárfest í félögum á sviði iðefna, skemmtiferðaskipautgerðar, vöruferlisstjórnunar, pappírs, umbúða og málma
  - FGD: innstæðutryggingasjóður á Spáni sem er fjármagnaður af bönkum og sparisjóðum og spænska seðlabankanum
  - Synergy: fyrirtækið er eignarhaldsfélag Aernnova-samsteypunnar og hluthafi í Aeroblade S.A. og Orisol Corporación Energética S.A. og starfar sem slíkt á sviði framleiðslu vélbúnaðar í loft- og geimför
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 32, 4. febrúar 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7144 – Apollo/Fondo de Garantía de Depósitos de Entidades de Crédito/Synergy, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.7168 – Lukoil/ISAB/ISAB Energy/ISAB Energy Services)**

2014/EES/7/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. janúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið ISAB S.r.l., sem lýtur yfirláðum rússneska fyrirtækisins Lukoil, öðlast með eignakaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítölsku fyrirtækjunum ISAB Energy S.r.l. og ISAB Energy Services S.r.l.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lukoil: leit að og framleiðsla olíu og gass, framleiðsla á og sala jarðolíuvara og markaðssetning þessara framleiðsluvara
  - ISAB S.r.l.: eignarhald á ISAB-olíuhreinsistöðinni, jarðolíuefnaframleiðslustöð í Priolo Gargallo á Sikiley
  - ISAB Energy S.r.l.: eignarhald og rekstur á svokölluðu IGCC-orkuveri á Sikiley
  - ISAB Energy Services S.r.l.: rekstrar- og viðhaldsþjónusta í tengslum við veitustofnanir, raforkuver, gufuaflsver og olíuhreinsistöðvar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 38, 8. febrúar 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7168 – Lukoil/ISAB/ISAB Energy/ISAB Energy Services, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2014/EES/7/06  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í  
Bandalaginu**

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug felldar niður**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Alghero – Bologna (báðar leiðir) Alghero – Tórinó (báðar leiðir)
Upphaflegur gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. mars 2007
Dagur sem almannaþjónustukvaðir falla niður	13. janúar 2014
Póstfang sem senda má til beiðni um textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustukvaðirnar	Tilvísunarskjal: Stjtið. ESB C 93, 21.4.2006. Ministero delle Infrastrutture e dei Trasporti Direzione Generale per Aeroporti e il Trasporto Aereo Sími: +39 659084908 / 4041 / 4350 Bréfasími: +39 659083280 Netfang: <a href="mailto:segreteria_dgata@mit.gov.it">segreteria_dgata@mit.gov.it</a> Vefsetur: <a href="http://www.mit.gov.it">http://www.mit.gov.it</a>

**Auglýst eftir tillögum – EACEA/05/14**

2014/EES/7/07

**Áætlunin Erasmus+**

**Samstarf við borgaraleg samtök**

Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar, þjálfunar og ungmennastarfs er mikilvægt til að efla vitund um stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 um eflingu hagvaxtar og atvinnu, stefnumörkun í evrópsku samstarfi um menntun og þjálfun („ET2020“), stefnumörkun ESB í ungmennastarfi og aðra starfsgreinabundna stefnumörkun. Samstarf þetta er mikilvægt til að tryggja virka þátttöku hagsmunaaðila í að hrinda í framkvæmd umbótum á stefnumálum í einstökum löndum, til að stuðla að þátttöku þeirra í áætluninni Erasmus+ og öðrum evrópskum áætlunum og til að miðla niðurstöðum stefnumörkunar og áætlunarinnar, svo og góðum starfsvenjum, fyrir tilstilli viðtækra aðildarneta sinna.

Í þessari auglýsingu eftir tillögum verður, innan þessa ramma, veitt fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tveimur flokkum:

1. **Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar og þjálfunar (flokkur 1)**
2. **Samstarf við borgaraleg samtök á sviði ungmennastarfs (flokkur 2)**

Athuga ber að samtök geta aðeins sent inn eina umsókn í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, annarhvort fyrir flokk 1 eða flokk 2, en ekki báða.

Tilgangurinn með þessari auglýsingu er að veita skipulagsaðstoð, sem vísað er til sem rekstrarstyrks, til frjálsra, evrópskra félagasamtaka og neta innan ESB sem eru virk á sviði menntunar og þjálfunar eða á sviði ungmennastarfs.

Opinbert, rafrænt umsóknareyðublað fyrir styrki (eForm) er að finna á ensku, frönsku og þýsku á eftirfarandi vefslóð:

[https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/call-for-proposals-eacea052014-erasmusplus-ka3-support-for-policy-reform-civil\\_en](https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/call-for-proposals-eacea052014-erasmusplus-ka3-support-for-policy-reform-civil_en)

Rétt útfyllt umsóknareyðublað verða leggja inn með rafrænum hætti fyrir **kl. 12 á hádegi að Brussel-tíma hinn 17. mars 2014**.

Um nánari upplýsingar um þessa auglýsingu vísast til *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, C 26, 29.1.2014, bls. 6.



**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem  
teknar voru frá 1. desember 2013 til 31. desember 2013**

**2014/EES/7/08**

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í desember 2013, sjá Stjtið. ESB [C 29, 31.1.2014](#), bls. 1 og 13.